

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 10. ágúst 2022
UST202206-320/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulagi fyrir Litlu-Tunguskóga í Húsafelli - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulagi fyrir Litlu-Tunguskóga.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að breytingin fellst í því að landnotkun á 30 ha svæði innan landsvæðis Litlu-Tunguskóga í Húsafelli er skilgreint sem íbúðarsvæði í stað þess að vera skilgreint sem frístundabyggð.

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að breyting á deiliskipulagi fellst í því að 40 lóðir fyrir frístundahús verða skilgreindar sem lóðir fyrir íbúðarhús. 14 lóðir austast á svæðinu verða eftir sem áður skilgreindar sem frístundalóðir. Stærðir lóða og húsa verða óbreytt frá gildandi deiliskipulagi en skilmálum breytt fyrir húsagerðir HG-2 og HG-6 þannig hús á lóðunum verða íbúðarhús í stað þess að vera frístundahús. Auk þess kemur fram að engin breyting er gerð á deiliskipulagsupprætti því aðeins er um að ræða skilmálabreytingu. Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var 11.10 2007 m.s.br.

Hraun

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að svæðið sem breyting nær til einkennist af hrauni og birkikjarri. Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nefnist Geitlandshraun sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki er fjallað um hraunið í greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var 11.10 2007 m.s.br og leggur stofnunin það til að markmið og skilmálar deiliskipulagsins séu í samræmi við núgildandi náttúruverndarlög.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Ekki kemur fram í greinargerð hver áhrif tillögunnar eru á hraunið, einungis er sagt að markmið tillögunnar er að jarðrask verði sem minnst. Umhverfisstofnun bendir á

mikilvægi þess að markmið tillögunnar séu í samræmi við ákvæði gildandi náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri